

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 11. september 2019
Mnr. 2019030031



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Forsendur fjárhagsáætlunar 2020-2023

Lög og leiðbeiningar

Sveitarstjórn hvers sveitarfélags skal árlega semja og fjalla um áætlun til fjögurra ára samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Hún skal ná yfir rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir þess.

Tilgangur fjögurra ára áætlana er að sveitarstjórn horfi til framtíðar við vinnslu hennar og setji ramma um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins með ákveðin markmið í huga. Um er að ræða tvær aðskildar áætlanir. Hin árlega fjárhagsáætlun er skuldbindandi hvað varðar ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu. Í framhaldi af henni er gerð þriggja ára áætlun sem er í eðli sínu leiðbeinandi fyrir stjórn sveitarfélagsins en ekki skuldbindandi.

Til að þriggja ára fjárhagsáætlanir séu samræmdar á milli sveitarfélaga hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt til að áætlunin sé sett upp á verðlagi þess árs sem hún er gerð þannig að verðlag ársins 2020 sé notað fyrir útreikninga er varða árin 2021-2023. Kosturinn við þessa aðferð er að hún er frekar einföld í vinnslu og vinnulag er samræmt milli sveitarfélaga. Í annan stað er hægt að setja þriggja ára áætlun upp á áætluðu verðlagi hvers árs. Þá er sett upp spá fyrir verðlagsþróun (verðbólgu) næstu þriggja ára og allar tölur uppreiknaðar samkvæmt því. Þessi aðferð er flóknari í framkvæmd og meiri líkur að því að vinnulag sé ekki samræmt milli sveitarfélaga.

Lög um opinber fjármál tóku gildi í ársbyrjun 2016 og er í lögnum kveðið á um fimm grunnildi í stefnumörkun í opinberum fjármálum og er mælt til þess að sveitarfélög hafi hliðsjón af og tileinki sér þessi grunnildi. Þau eru sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi.

Lög um opinber fjármál mæla sérstaklega fyrir um hagrænar forsendur í 8. gr. Þar segir m.a. að byggja skuli á traustum forsendum og gögnum, opinberum hagtölum og þjóðhagsspám. Lögð er áhersla á að gerð sé grein fyrir forsendum sem byggt er á. Lögð er sérstök áhersla á að sveitarfélög geri sem besta grein fyrir þeim forsendum sem unnið er eftir, bæði við áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun.

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Þjóðhagsspá

Síðasta spá stofnunarinnar (sumarspá) var birt 10. maí sl. Vetrarspá verður birt 1. nóvember næstkomandi. Hag- og upplýsingasvið sambands íslenskra sveitarfélaga mun útbúa minnisblað um helstu breytingar frá sumarspá og miðla til sveitarfélaga. Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu Íslands um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2019-2023 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2019-2024

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	2,4	2,8	3,0	2,8	2,6	2,5
Samneysla	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4	2,4
Fjármunamyndun	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5	3,4
Atvinnuvegafjárfesting	-10,1	4,9	2,1	3,4	4,9	4,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	16,2	9,0	5,3	4,7	3,6	3,7
Fjárfesting hins opinbera	-3,5	7,6	4,6	-4,2	-2,1	-1,4
Þjóðarútgjöld, alls	0,5	3,1	2,7	2,5	2,8	2,7
Útflutningur vöru og þjónustu	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9	2,8
Verg landsframleiðsla	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	1,9	1,4	1,5	1,5	1,3	1,2
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	1,2	0,6	0,8	0,8	0,6	0,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,7	3,8	3,8	3,9	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5
Kaupmáttur launa	2,1	2,2	3,2	2,6	1,6	1,6
Gengisvísitala	7,8	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Raugengi	-5,8	1,1	0,6	0,6	0,5	0,5
Launavísitala	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1
Alþjóðleg verðbólga	1,6	1,9	1,9	2,0	2,1	2,1

Efnahagsskiyrði

Við ákvörðun forsendna Ísafjarðarbæjar er horft til eftirfarandi upplýsinga:

- Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2019-2024
 - Hagvöxtur (verg landframl.): -0,2% 2019, 2,6% árið 2020 og 2,7% árið 2021.
 - Verðbólga (Vísitala neysluverðs): 3,4% 2019, 3,2% 2020 og 2,6% 2021.
 - Launavísitala 5,6% 2019, 5,5% 2020 og 5,9% 2021.
- Lánskjör – breytilegir vextir verða 2,05% frá og með 1.8.19 (LSS).
- Kjarasamningar – Svokallaðir lífskjarasamningar voru gerðir í byrjun apríl við fjölmenn stéttarfélag á almennum markaði og gilda samningarnir til 1. nóvember 2022. Flestir samningar á opinbera vinnumarkaðnum runnu út í lok mars sl. en samningur við Félag grunnskólakennara í júní.
- Lagasetning – ekkert í sjónmáli sem áhrif hefur á 2020.
- Breytingar á íbúðarþróun – 1% aukning íbúa á ári.
- Atvinnustig – óbreytt.
- Álagningarhlutfall álagðra skatta og gjalda – lækkun þjónustugjalda fasteignagjalda í skoðun.
- Breytingar í aldurssamsetningu: Þeir hópar sem helst hafa áhrif á þjónustu okkar er aukning á fólki sem er með börn á leik- eða grunnskólaaldri og hefur áhrif á rekstur

fræðslumála annars vegar og fjölgun fólks á áttæðisaldri hins vegar sem þurfa aukna þjónustu frá velferðarsviði.

Tafla 2. Mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands.

	Mannfjöldi 1. janúar			Breyting	
	2020	2021	2024	2020-2021	2020-2024
Á 1. ári	5.010	5.099	5.124	1,8%	2,3%
1-5 ára	22.369	23.113	25.794	3,3%	15,3%
6-16 ára	51.739	52.331	52.273	1,1%	1,0%
17-20 ára	17.927	18.022	18.709	0,5%	4,4%
21-65 ára	218.049	221.342	224.735	1,5%	3,1%
66-70 ára	16.367	16.853	18.552	3,0%	13,4%
71-80 ára	21.184	22.264	25.474	5,1%	20,3%
81 árs o.e.	11.261	11.393	12.113	1,2%	7,6%
Alls	363.906	370.417	382.774	1,8%	5,2%

Tafla 3. Mannfjöldi í Ísafjarðarbæ Hagstofa Íslands.

Aldursbil	Mannfjöldi 1. janúar				Breyting		
	árið 2016	árið 2017	árið 2018	árið 2019	2016-2017	2017-2018	2018-2019
á 1. ári	45	50	42	45	11,1%	-16,0%	7,1%
1-5 ára	236	227	225	220	-3,8%	-0,9%	-2,2%
6-16 ára	479	480	492	518	0,2%	2,5%	5,3%
17-20 ára	224	222	203	199	-0,9%	-8,6%	-2,0%
21-30 ára	509	484	532	538	-4,9%	9,9%	1,1%
31-40 ára	442	459	479	496	3,8%	4,4%	3,5%
41-50 ára	437	409	436	463	-6,4%	6,6%	6,2%
51-70 ára	886	896	910	909	1,1%	1,6%	-0,1%
71-80 ára	224	232	237	251	3,6%	2,2%	5,9%
81 árs o.e.	141	149	151	161	5,7%	1,3%	6,6%
Alls	3.623	3.608	3.707	3.800			

- Í [yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna lífsskjarasamninga 2019-2020 frá 4. apríl 2019 er mælt til þess að á árinu 2020 hækki gjaldskrár sveitarfélaga um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga verður lægri.
- Forsendur um tekjur: Hag- og upplýsingasvið Sambandsins mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftiráálagningu vegna ársins í ár, sem birt verður í október. Gera má ráð fyrir að vinnumagnið aukist á landinu í heild um 0,9% á ári hverju og samkvæmt því gæti útsvarsstofn í heild hækkað um 6,4-6,7% frá 2019-2021.
- Jöfnunarsjóður: Áfram er óvissa um framlög úr jöfnunarsjóði og er ástæða þess dómur hæstaréttar í kærumáli Grímsness- og Grafningshreppi sem féll hreppnum í vil. Hefur sá dómur fordæmisgildi vegna fleiri mála og óvíst er um fjármögnun á þessum endurgreiðslum og hvaða áhrif hún mun hafa á framlög jöfnunarsjóðs á næsta ári.
- Þróun fasteignamarkaðar: 9,6% hækkun á fasteignamati allra fasteigna í Ísafjarðarbæ skv. fasteignamati ÞÍ. Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat í lok maí sl., sem tekur

gildi 31. desember 2019 og gildir fyrir árið 2020. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis á landinu öllu hækkaði um 6,1% milli ára, um 5% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,1% á landsbyggðinni. Mat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 6,9%, um 5,9% á höfuðborgarsvæðinu og 9,3% á landsbyggðinni.

Tafla 4. Fasteignamat eftir matssvæðum.

Íbúðarhúsnæði eftir matssvæðum	Fasteignamat 2019	Fasteignamat 2020	Breytingar á Fasteignamati
4100 Ísafjörður: Eldri byggð	15.025.890	16.542.880	10,1%
4110 Ísafjörður: Nýrri byggð	5.088.590	6.023.050	18,4%
4120 Hnífsdalur	970.120	990.210	2,1%
4130 Súðavík	902.790	897.730	-0,6%
4140 Bolungarvík	4.945.745	4.917.688	-0,6%
4150 Suðreyri	1.170.230	1.222.030	4,4%
4160 Flateyri	1.109.948	1.197.814	7,9%
4170 Þingeyri	1.530.926	1.569.652	2,5%
4185 Ísafjarðarsýsla	1.129.216	1.136.307	0,6%
4210 Hólmavík	2.278.085	2.303.040	1,1%

Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Að framan sögðu leggur bæjarstjóri til að eftirfarandi forsendur verði notaðar í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020 sem nú fer í vinnslu og er gert ráð fyrir að þriggja ára áætlun fyrir árin 2021 til 2023 verði á sama verðlagi:

- Verðbólga – 3,2%
- Gjaldskrár – hámark 2,5%
- Launahækkun – í samræmi við kjarasamninga eða 5,5%
- Fasteignaskattur – fasteignamat hækkar um 9,6% skv. Þjóðskrá Íslands
- Útsvarstekjur – samkvæmt áætlun sambandsins sem liggur fyrir í október
- Jöfnunarsjóður - samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sem liggur fyrir í október